

Nd.

621. Breytingartillaga

við frumv. til stjórnarskipunarlaga um breyting á stjórnarskrá um hin sjerstöku málefni Íslands 5. jan. 1874 og stjórnarskipunarlögum 3. okt. 1903. (Þskj. 551).

Frá minni hluta stjórnarskrárnefndar.

Eftir 5. gr. komi ný grein svo látandi:

8. gr. stjórnarskrárinnar falli niður, en í hennar stað komi:

Konungur getur rofið Alþingi, og skal þá stofnað til kosninga áður tveir mánuðir sjeu liðnir frá því, er þingið var rofið, og skal Alþingi stefnt saman innan_árs frá þingrofi. Þingrof ná til beggja deilda og allra þingmanna, hvort sem þeir eru kosnir hlutbundnum eða óhlutbundnum kosningum.